

Fundargerð 8. stjórnarfundar - drög

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 8. október í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson og Jónas Egilsson. Þorsteinn Þorsteinsson var viðstaddur umræðu um lið 2 í fundargerðinni.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 7. fundar lögð fram. Afgreiðslu frestað.
2. Fræðslumál dómara. Þorsteinn Þorsteinsson, formaður nefndar FRÍ um endurskoðun á reglum um fræðslu dómara, lagði fram og gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar og skýrslu um innleiðingu á nýju fræðslukerfi. Þetta er sett fram í samræmi við stefnu IAAF. Málinu vísað til sambandsaðila til skoðunar og umræðu á mótþingum í haust. Samþykkt að afla upplýsinga hjá sambandsaðilum um starfandi dómara innan hreyfingarinnar.
3. Fjármál og rekstur.
 - 3.1. Hannes fór yfir stöðu fjármála sambandsins. Skv. bráðabirgða uppgjöri var rekstur fyrstu níu mánuði ársins í jafnvægi. Fjárförf sambandsins á bilinu 3,5-4 m.kr., tilkomin á árinu 2009. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ræða við viðskiptabanka FRÍ um tímabundna úrlausn. Rætt um fjáröflunaraðgerðir, þ.m.t. útgáfu á sérstöku frjálsíþróttablaði í samvinnu við sambandsaðila, fjáröflunarsamkomu. Auk þess var rætt um komu allra stjórnarmanna að öflun fjár til að brúa brýnasta vanda sambandsins.
 - 3.2. Mögulegt samstarf við önnur sambönd um rekstur skrifstofustarfsemi. Frestað.
 - 3.3. Unnur ræddi möguleika á skiptingu styrkja og samstarfs við fyrirtæki milli afreks- og landsliðshópa.
 - 3.4. Fjölmíðlamál og samskipti við fjölmíða. Rætt.
4. Evrópubikar 2011
 - 4.1. Formaður gerði grein fyrir samningsdrögum við EAA sem fyrir liggja og nokkrum atriðum sem þörfuðust nánari skýringar við.
 - 4.2. Samstarf við birgja og þjónustuaðila. Formaður og Hannes sögðu þessi mál komin á rekspól.
 - 4.3. Tillaga að skipuriti lögð fram. Samþykkt að Sigurður Ingvarsson yrði formaður undirbúningsnefndar (LOC), en auglýst yrði eftir áhugsömum einstaklingum í önnur verkefni.
5. Íþrótt- og afreksmál.
 - 5.1. Ólympíuhópar FRÍ og afreks hópar unglunga. Unnur gerði grein fyrir hugmyndum um skiptingu í Ólympíuhópa FRÍ. Frestað.
 - 5.2. Mótaskrá FRÍ 2011, 1. drög lögð fram. Samþykkt að vísa málinu til mótþings og frekari skoðunar hjá Mótanefnd. Mótaskrá Evrópu og tímasetning Norðurlandamóta munu liggja fyrir eftir Mótþing EAA um miðjan okt. nk.
 - 5.3. Æfingabúðir og fræðslufundir unglunga. Samþykkt að heimila Unglinganefnd að efna til æfingabúða og fræðslufunda, svo fremi að kostnaður yrði ekki umfram kostnaðaráætlun.



- 5.4. Skólapríbraut. Samþykkt að hefja undirbúning skólapríbrautarinnar 2011 og óska eftir tilnefningum um fulltrúa í undirbúningsnefnd.
6. Mótþing.
 - 6.1. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir aths. sambandsaðla við dagsetinguna 21. nóv. nk. milli kl. 9 og 15.
 - 6.2. Formaður lagði fram lista með hugmyndum um umræðuefni sem hann óskaði eftir að fundarmenn svöruðu. Hann kemur síðan með tillögu fyrir næsta fund stjórnar.
7. Nefndarstörf í vetur. Framkvæmdastjóra falið að senda formönnum fastanefnda bréf þar sem farið er fram á að þeir reki helstu þætti í störfum sinna nefnda, segi frá fundum og því sem sé á döfinni.
8. Næsti fundur ákveðinn 19. okt. nk.
9. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jónas Egilsson.